

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 25. júní 1994 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma fellur út gildi reglugerð nr. 482, 2. desember 1993, um bann við rækjuveiðum fyrir Norðurlandi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. júní 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 247/1991, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja.**

1. gr.

1. tölul. 1. mgr. 1. gr. orðast svo: Kaupa, aðvinnslu, geymslu eða flutnings á vörum, hálfunnum eða fullunnum, sem þau hafa vegna atvinnustarfsemi sinnar flutt úr landi í eigin nafni, svo og kaupa á þjónustu sem því tengist.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 3. mgr. 43. gr. og 1. mgr. 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 22. júní 1994.

F. h. r.

Jón H. Steingrímsson.

Jón Guðmundsson.